

Krufning bandarískra lífshátta

**LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR:
BARN Í GARDINUM.**
Höfundur: Sam Shepard.
Þýðing: Birgir Sigurðsson.
Lýsing: Daniel Williamsson.
Leikmynd og búningar: Þórunn
S. Þórgrímsdóttir.
Leikstjórn: Stefán Baldursson.

Sam Shepard mun hafa mótast af lífsviðhorfum og skáldskap beatkynslóðarinnar: skáldsögum Jacks Kerouacs sem skrifaði *On the Road* (1958) og ljóðum Allens Ginsbergs. Kunnasta ljóð Ginsbergs: *Howl* (1956) hefst á orðum: I saw the best minds of my generation destroyed by madness, starving hysterical naked.

Shepard hefur gengið í skóla utanargarðsmanna með tilheyrandi flökkulífi. Það er því engin tilviljun að efni leikrita hans er oft sótt í núturlegu hliðar bandarískt samfélags.

Með sýningu Leikfélags Reykjavíkur á *Barn í garðinum*, *Buried Child* (1979) er stigið markvert spor í þá átt að halda áfram kynningu nútímaleikritunar. Leikritið fékk hin eftirsóttu Pulitzerverðlaun sem besta leikrit eftir Bandaríkjamann 1979.

Að minnu viti sameinar Sam Shepard eftirminnilega ýmsar evrópskar hneigðir absúrðleikritunar og leikritun sem er í eðli sínu ákaflega bandarísk þótt efnið hafi verið fyrirferðarmeira í skáldsögum, til að mynda hjá John Steinbeck og Erskine Caldwell, samanber leikgerð eftir sögu hins síðarnefnda: *Tobacco Road*. Eftir *Barn í garðinum* að dæma verður Shepard naumast kallaður ádeiluhöfundur, en verk hans er krufning bandarískra lífshátta og spegilmýnd þess hvernig mannlegt eðli birtist í umhverfi sem er fyrst og fremst bandarískt.

Barn í garðinum gefur nokkra vísbendingu um leikritagerð Shepard. Leikrit hans eru fremur lauslega hnýtt saman, byggja einkum á orðum og stemmningu. Upphaf *Barns í garðinum* sýnir Dodge einan á sviðinu, ósjálfbjarga liggjandi í sófa. Að ofan berst rödd Halie konu hans. Sá gamli hefur meiri áhuga á viski-

inu sínu en orðræðum við konu sína. Í þessu atriði er kyrrestaða, lítil hreyfing. En í því er inngangur verksins, áhorfandinn getur byrjað að geta í eyðurnar sem eru margar í verkinu. Shepard leitast við að vekja ímyndunarafl fólks, fá það til að raða saman brotum og mynda heild. Menn geta verið ósammála um hvernig honum tekst þetta, en eins og mörg ljóðskáld gætir hann þess að segja ekki of mikið.

Bókmennir

eftir JÓHANN
HJÁLMARSSON

Dodge, kona hans og synir eru dæmigerð hnignunarfjölskylda. Halie lifir að vísu enn í blekkingunni um forna dýrdardaga þegar synir hennar voru afreksmenn í íþróttum, en innst inni veit hún hvernig komið er og hefur líka gefist upp. Óvænt heimsókn sonarsonar þeirra hjóna og fylgikonu hans verður til þess að fjölskylduleyndarmál er opinberað, en það snýst um greftrun barns svo ekki sé meira sagt.

Tilden, elsti sonurinn, er orðinn ruglaður af einhverjum ástæðum og er sífellt að grafa í garðinum í óþökk foreldra sinna og Bradleys bróður síns sem er fatlað rustamenni. Vince sonur hans, þ.e.a.s. glataði sonurinn, virðist í fyrstu venjulegur ungur maður sem lagst hefur í flakk, en það kemur á daginn að hann er hold af holdi og blóð af blóði þessarar úrkyn-



Dodge (Steindór Hjörleifsson).

uðu fjölskyldu og reidubúinn til að taka upp ónytjunshátt afa síns að honum látnum.

Shelly, vinkona Vince, er af öðru saugarhúsi en hann, enda flýr hún eftir stutt kynni af fjölskyldunni. Séra Dewis er persóna sem kemur dálítið við sögu, en frá höfundarins hendi fremur veikgerð og alltof hefðbundin í slíku verki.

Samvinna þeirra Stefáns Baldurssonar og Þórunnar S. Þórgrímsdóttur er löngu kunn og hefur verið árangursrík. Þau bregðast ekki frekar en endranær. Ég hefði að vísu kosið að leikstjórnin hefði tamið sér meiri hnitmiðun, sumt er einum of laust í böndum þótt kenna megi höfundinum um það. Leikmynd Þórunnar S. Þórgrímsdóttur er ekki jafn fjölbreytileg eins og oft áður hjá henni, en undirstríkar firrtan og vonlausan heim persónanna undir merkjum einfaldleikans. Ég veit ekki hvort stiginn er eingöngu hennar verk, bilið milli þess sem er uppi og niðri, en óneitanlega er sú laus snjöll.

Birgir Sigurðsson hefur þýtt *Barn í garðinum*. Án samanburðar við frumgerð er hér um að ræða góðan lífrænan texta sem er sýningunni styrkur.

Það er með ólíkindum hve Steindóri Hjörleifssyni tekst vel að túlka Dodge, einkum í niðurlægingu hans og sjúkleika.

Engu að síður verður túlkun Margrétar Ólafsdóttur á Halie það sem maður man einna best, tvíbentri persónunni gerir hún slík skil.

Þorsteinn Gunnarsson sést ekki nógu oft á sviði, en nú stjórnar hann Leikfélagi Reykjavíkur ásamt Stefáni Baldurssyni. Tilden

Þorsteins var óhugnanlegur í geggjun sinni, vitnisburður um mann sem glatað hefur öllu og æðir um eins og hrætt, en um leið grimmt dýr.

Annar góður leikari sem engan svíkur er Sigurður Karlsson í hlutverki Bradleys. Hann hefði samt mátt gretta sig minna.

Hjalti Rögnvaldsson túlkar Vince og sýnir okkur undir yfirborð persónunnar sem er afinn Dodge endurborinn.

Í hlutverki Shelly er Hanna María Karlsdóttir. Ekki verður annað sagt en hún nái æskilegum tökum á þessari stúlku, afkvæmi hippatímabilsins. Hljómlítil rödd háði henni að vísu lítillaga.

Guðmundur Pálsson er oft laginn við hlutverk sem ekki eru stór í sniðum. Prestinn Dewis túlkaði hann á sinn ísmeygilega hátt og gerði raunverulega meira úr honum en ætlast mátti til sé persónusköpun höfundar með í dæminu.

Sýningin naut lýsingar Daníels Williamssonar.

Svo að þess sé getið sem vel er gert skal að lokum minnt á leikskrá. Páll Baldvin Baldvinsson gerir grein fyrir Sam Shepard og leikritum hans í fróðlegri grein, en af henni er því miður þýðingarkenningur, málfarið stírt. Kaflarnir úr *Rolling Thunder Logbook* eftir Sam Shepard sem fjalla um hljótleikaferðalag um Bandaríkin með Bob Dylan, Joan Baez, Allen Ginsberg o.fl. eru skemmtilegir, en hefðu þurft á betri íslenskun að halda. Dæmi er þýðing á ljóði Sam Shepards um fæðingarbæ Jacks Kerouacs: Lowell.

En viðleitnin til að kynna rækilega Sam Shepard er góðra gjalda verð.

ERLENDAR BÆKUR

Val Soffíu

eftir William Styron

Einkennilegar sumar bækur sem hefjast til vega á metsölulistunum í útlöndum. *Sophia's Choice* kom út í Bandaríkjunum fyrir fjórum árum og var þar í efsta og efri sætum metsölulistanna svo mánuðum skipti. Vegna þess hve stór hún er og umfangsmikil lagði ég ekki í að lesa hana fyrr en nú að bókaútgáfan Lindhardt og Ringhof í Danmörku taldi ástæðu til að gefa hana út þar í landi og sendi til umsagnar.

Bókin hefur af ýmsum gagnrýndum verið hafin til skjája, þeir segja þetta sé ein helsta skáldsaga áttunda áratugsins, ekki aðeins hvað varðar texta hennar heldur varðandi boðskapinn um vald hins illa og hvernig valdið brýtur niður einstaklinginn, sagt er að bókin sé vitnisburður um sök og ábyrgð mannsins. Aðrir tala um hversu máttug hún sé og hún sé í reynd tilraun sem gangi út á það hvað skáldsagan sem form geti borið og boðið og víst tefli höfundurinn djúrt — tilfinningalega, siðfræðilega og ég veit ekki hvað.

Að þessu sögu er rétt að víkja að því að söguviðið er ódýrt pensjónat í Brooklyn. Árið er 1947. Stingo er ungur og bjartsýnn höfundur, ættaður frá Virginíu, hann er að reyna að skrifa sína fyrstu bók. Hugmyndaflug hans hlýtur verulega örvun þegar hann kemst í kynni við Sophie, fallega pólska stúlku sem býr með bandarískum vini sínum, Nathan, á hæðinni fyrir ofan. Þegar þau elskast ekki svo að allt ætlar um koll að keyra, rífast þau og slást svo að allt ætlar um koll að keyra.

Rifrildin eru jafnan vakin af því hinu sama, sektarkennd, sem bæði bera í sér: Sophie finnur til sektar vegna þess að hún komst lifandi af úr útrýmingarbúðum nazista í Birkenau og Auschwitz (hún er reyndar ekki Gyðingur) og Natan vegna þess að hann sem bandarískur Gyðingur hefur lifað góðu lífi í Bandaríkjunum samtíma því að milljónum Gyðinga var útrýmt.

Gagnkvæmar ásakanir þeirra verða til þess eins að auka á samvizkukvöl þeirra og rekur þau að lokum til sameiginlegrar afdrifarikrar ákvörðunar.

Það er þessa sögu sem Stingo er að segja í bók sinni sem er upp á á sjötta hundrad blaðsíðna með smáu letri og ég þurfti að hafa óendanlega mikið fyrir að klöngrast í gegnum þetta meistara-stykki. Jóhanna Kristjónsdóttir

Sýning Eiríks Smith

Það var eitthvað óvenjulegt, merkilegt og mikið að gerast, er mig bar að garði á opnun sýningar Eiríks Smith að Kjarvalsstöðum á dögnum. Líðin var þá rúm klukkustund frá því að listamaður lauk upp dyrunum inn á sýninguna, og þó var þar ennþá múgur og margmenni og löng bíðröð ákafra kaupenda við afgreiðsluborðið. Mér tókst með erfðismunum að mjaka mér einn skodunarhring og var þá sannast mála búinn að fá nóg. Kann mig lítt í margmenni á sýningum og er því sjaldan viðstaddur opnanir þeirra enda fær maður þá rétt nasasjón af því, er til sýnis er hverju sinni. Þykir mér farsælla að koma á þeim tímum er fæstir eru gestirnir og helst vera einn

með myndunum. Ég hélt því fljótlega á brott en kom aftur um kvöldmatarleytið, en viti menn, ennþá var töluvert af fólki í Kjarvalssal þar sem sýningin er uppi, sem er mjög óvenjulegt á þeim tíma, jafnvel á fyrsta degi. Var mér tjáð, að stöðugur straumur hafi verið á sýninguna allan daginn. Rauðir miðar undir fjölda mynda báru vott um velgengni sýningarinnar enda mun hér hafa verið sett met hvað myndasölu snertir á fyrsta degi. Ekki þó hvað fjölda mynda snertir því að Guðmundur Erró mun hafa selt 74 myndir við opnun fyrstu sýningar sinnar í Listamannaskálanum við Kirkjustræti. En þá var að miklum hluta um smámyndir að ræða, en

slíkum er ekki til að dreifa á sýningu Eiríks Smith.

Verður því að telja, að Eiríkur standi með pálmann í höndunum og er þetta jafnvel hliðstæða hinnar frægu Kjarvalssýningar í Listamannaskálanum í febrúar árið 1945 er slegist var um myndir hans. En myndir Kjarvals voru stórum færri enda seldust þær allar sem ein. Í báðum tilvikum líktist það einna helst sprengingu er dyr voru opnaðar og fólk ruddist inn og var líkast því sem stífla hefði brostið. Þegar slíkt skeður grípur fólk því líkt æði, að það festir sér myndir eftir fyrsta augnakast og án nokkurrar yfirvegunar enda telur það mikið í húfi. Það er vissulega ástæða til að óska Eiríki til hamingju með viðtökurnar.

Ýmsar spurningar sækja annars stíft á er slík ósköp gerast, sem ekki er mögulegt að skilgreina né svara í stuttu máli. Þó er eitt alveg víst og það er, að íslenzkur listaverkamarkaður lýtur allt öðrum lögmálum en gerist erlendis og er mikil spurn hvort hér sé um nokkur lögmál að

ræða. Ég hef t.d. orðið var við það á uppboðum, að ágætar teikningar umrædds listamanns hafa selst á því er nemur 10–20% af eðlilegu markaðsverði og grafíkmyndir eftir Erró hafa selst á þreföldu verði þess sem hægt var á sama tíma að fá þær á hjá útgefanda myndanna hér í borg. Konráði Axelssyni í „Myndkynningu“. Slík hringavitleysa er nær óhugsandi erlendis. Þá virðast góðir listdómar og umsagnir um einstaka listamenn hér- og erlendis hafa næsta lítið að segja, alveg andstætt því sem var í gamla daga er menn urðu heimsfrægir hér heima ef vinsamleg smáklasa birtist um þá í erlendu blaði. En hið síðastnefnda er að vissu marki framför og ber vott um aukið traust almennings á eigin dómgreind.

Áður en vikið er að sjálfri sýningunni er ekki úr vegi að minnst lítilsháttar á frumraun Eiríks á sýningarvettvangi, en það var í Listamannaskálanum gamla árið 1952. Hann fyllti skálann í hólf og gólf enda jafnan verið mjög atorkusamur og hugsað stórt — en hér var um

Myndlist

eftir BRAGA
ÁSGEIRSSON

óhlutlægar myndir að ræða er menn skildu lítt í þá daga. Afraksturinn var sá, að Eiríkur seldi eina ofurlitla mynd og varð svo að slá lán fyrir vörubíl með myndirnar aftur til Hafnarfjarðar að sýningunni lokinni!

Samkvæmt öllum lögmálum heimsmarkaðarinnar, ættu þessar gömlu myndir Eiríks að vera mjög verðmætari í dag en mér er stórlega til efs að svo sé á vettvangi íslenzks myndlistarmarkaðar, a.m.k. hvað peningagjald áhrærir. Þá væri í hæsta máta eðlilegt ef að verðgildi þekktustu mynda gömlu meistaranna, Ásgríms, Jóns Stefánssonar og Kjarvals, væri svipað og